



Allsherjar- og menntamálanefnd
Skrifstofa Alþingis
101 Reykjavík

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhóls götu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@dmr.is dmr.is

Reykjavík 6. mars 2023
Tilv.: DMR22080166/8.1

Á fundi allsherjar- og menntamálanefndar 2. mars sl. var samþykkt, með vísan til 51. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, að óska eftir viðbrögðum dómsmálaráðuneytisins við eftirfarandi spurningum varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (alþjóðleg vernd), sbr. þskj. 400 – 382. mál.

1. Í 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins segir m.a. „Þó skal taka endurtekna umsókn til meðferðar að nýju ef umsækjandi er staddur hér á landi og nýjar upplýsingar liggja fyrir í máli hans sem leiða til þess að sýnilega auknar líkur eru á því að fallist verði á fyrri umsókn hans skv. 24. gr.“ [feitletrun mín] Leiðir þetta orðalag til þess að umsókn sem byggð er á alfarið nýjum forsendum, þ.e. sem hefur engin áhrif á líkur á því að fallist verði á „fyrri umsókn“ viðkomandi, verði ekki tekin til meðferðar skv. ákvæðinu?

Það er ekkert í orðalagi 7. gr. frumvarpsins eða í skýringum við það sem gefur til kynna að umsækjandi geti ekki lagt fram nýjar málsástæður eða forsendur í endurtekinni umsókn. Þvert á móti kemur skýrt fram í bæði texta ákvæðisins og í skýringum við það að umsækjandi geti fengið fyrri ákvörðun í máli sínu tekna upp að nýju á grundvelli nýrra gagna og/eða upplýsinga sem ekki lágu fyrir við meðferð upphaflegrar umsóknar. Tilvísun fyrirspyrjanda á orðinu „fyrri“ vísar eingöngu til þess að um endurtekna umsókn sé að ræða en ekki áframhaldandi meðferð fyrri umsóknar. Þetta hefur m.a. þau áhrif að frestir laganna taka mið af þeim degi þegar endurtekin umsókn er lögð fram, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins.

2. Með hliðsjón af ákvæðum 7. gr. frumvarpsins varðandi rétt til efnismeðferðar eftir dvöl á Íslandi að tiltekinni lengd, er sú spurning áleitin hvernig farið verði með þau mál sem enn eru til meðferðar og sem ætla má að viðkomandi hefði fengið efnismeðferð á grundvelli eldri laga en ekki nýrra. Þannig hefur hluti þess tíma sem viðkomandi hefur dvalið á Íslandi liðið í gildistíma eldri laga en síðari hlutinn í gildistíma nýrra laga.

Í 20. gr. frumvarpsins um gildistöku þess kemur fram að 8. gr. frumvarpsins gildi ekki um meðferð umsókna sem bárust fyrir gildistöku laganna. Í skýringum með gildistökuákvæðinu kemur m.a. fram að óeðlilegt sé að breyttar reglur um málsmeðferð skv. 36. gr. laga um útlendinga taki til þeirra umsókna sem bárust fyrir gildistöku frumvarpsins. Þær umsóknir sem falla undir 36. gr. og bárust fyrir gildistöku frumvarpsins munu því taka mið af lögum og framkvæmd sem var í gildi þegar umsóknin var lögð fram.

Fyrir hönd ráðherra

Gunnlaugur Geirsson
Gunnlaugur Geirsson

Arnar Sigurður Hauksson
Arnar Sigurður Hauksson